

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14. Símatímar eru kl. 9-13. Póstkassi er í anddyri stjórnsýsluhúss ef þarf að skila inn skjölum utan opnunartíma.

Árgjald héraðsbókasafns

Árgjald Héraðsbókasafns fyrir árið 2016 verður óbreytt frá fyrra ári, það er 1.000 kr. Hægt er að greiða árgjaldið inn á reikning 0312-26-001818, kt. 510694-2019, skrá þarf í skýringar ef greitt er fyrir annan. Einnig er hægt að greiða árgjaldið á skrifstofu Dalabyggðar.

Eindagi árgjalds er 1. apríl og eftir það verður greiðsluseðlar sendir út að viðbættum kostnaði.

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Sorp og endurvinnsla

Frá 7. mars 2017 verður Endurvinnslustöðin í Búðardal opin á **þriðjudögum kl. 13- 18** og á **laugardögum kl. 11-14**.

Auk þess geta íbúar komið með flokkað sorp á flokkunarstöðinni við Vesturbraut (gámavellinum) á öllum tímum sólarhrings og losað í flokkunarkrá.

Í flokkunarkrá er hægt að láta frá sér fernur, bylgjupappa, sléttan pappa, dagblöð, tímarit, annan pappír, málma, niðursuðudósir, rafhlöður, plastfilmu, plastpoka, plastbrúsa, aðrar plastumbúðir og kertavax.

Annað endurvinnsluefni og úrgang, það er stærri hluti, spilliefni (önnur en rafhlöður), frauðplast, timbur, járn og gler þarf eftir sem áður að láta frá sér á opnunartíma flokkunarstöðvarinnar. Þessi endurvinnsluefni skal **ekki** láta í flokkunarkrána.

Sorphirðing er annan hvorn þriðjudag. Annan þriðjudaginn er tekið sorp í Búðardal og gámar í dreifbýli sunnan við Búðardal tæmdir. Hinn þriðjudaginn eru tæmdir sorpgámar í dreifbýli vestan Búðardals. Sorphirðudagatal er að finna á heimasíðu Gámaþjónustu Vesturlands.



DALAPÓSTURINN

3. tölublað, 10. árgangur
7. mars 2017

Starfsmaður áhaldahúss - flokksstjóri vinnuskóla

Dalabyggð óskar eftir sumarstarfsmanni til starfa 1. maí – 30. september 2017. Starfið felst annars vegar í minniháttar viðhalds- og umhverfisverkefnum og hins vegar flokksstjórn Vinnuskóla Dalabyggðar. Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins. Laun eru skv. kjarasamningum SDS og sveitarfélaganna.

Umsóknarfrestur er til **20. mars** nk.

Bændur og búalið á Þórólfsstöðum

Laugardaginn 11. mars kl. 15 mun safnvörður segja frá bændum og búaliði síðustu 250 árin á Þórólfsstöðum í Miðdölum.

Þar koma við sögu hagrýðingar, smíðar, fósturbörn, morðransókn, gullsmíði, skáld, myntsláttur, réttarfar, fólksflutningar, nafnagiftir, ættfræði og fleira.

Laugardaginn 1. apríl verður næsta sögustund vetrarins. Dagskrá hennar verður auglýst síðar á heimasíðu Dalabyggðar.

Aðgangseyrir verður sem fyrr 500 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Kaffi á könnunni.

Hundahald í Búðardal

Hundahald í Búðardal sætir nokkrum takmörkunum samanber samþykkt um hundahald í Dalabyggð nr. 26/2003 og gjaldskrá fyrir hundahald í Dalabyggð frá 16. desember 2014.

Eigendum hunda í Búðardal ber skylda til að skrá hunda sína á skrifstofu Dalabyggðar og greiða 7.000 kr. skráningargjald. Í því gjaldi er innifalin örmerking, skráning, merking, ábyrgðartrygging og hundahreinsun.

Eftir það er innheimt árlega **5.000 kr** gjald fyrir hvern skráðan hund. Í árlegu gjaldi er innifalin ábyrgðartrygging og hundahreinsun. Í innskráningargjaldi er innifalið árgjald fyrir það ár sem hundurinn er skráður.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Hafi leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu dýrs ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við, í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skylt er leyfishafa að fjarlægja saur eftir hundinn. Þá er þeim skylt að láta hreinsa hunda sína einu sinni á ári.

Hundar sem ganga lausir á almannafæri verða handsamaðir. Við afhendingu handsamaðs dýrs skal innheimta handsömunargjald. Við fyrstu afhendingu 7.500 kr, við aðra afhendingu (innan tveggja mánaða) 12.000 kr og við þriðju afhendingu (innan tveggja mánaða) 22.500 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar. Við ítrekað brot skal hundinum lógað.

Eigendur blindra- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu leyfisgjalds enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi. Þeir eru hins vegar skráningarskyldir og þarf að greiða af þeim skráningargjald.

Sælingsdalslaug til páska 2017

Opnunartímar í Sælingsdalslaug fram til páska verða á þriðjudögum kl. 15:30-19 (eldri borgarar kl. 15:30-17), miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardögum kl. 14-18. Hálf tíma fyrir lokun lýkur sölu í sundlaugina.

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum eru auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum.

Félagsþjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Mikilvægt er að panta tíma. Tímapantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Allir lesa úrslit

Alls tóku 37 Dalamenn þátt í lestrarátakinu *Allir lesa* og urðu í þriðja sæti sveitarfélaga á eftir Strandabyggð og Fjallabyggð. Meðalrestur á hvern Dalamann voru 46,3 klst.

Öflugasti lestrarhestur landsins reyndist vera Ásdís Jónsdóttir frá Hólmavík en hún las í 304,3 klukkustundir. En á lista yfir 10 efstu í einstaklingskeppninni má finna nöfn þriggja Dalamanna.

Fjöldi vinnustaða keppti í landsleiknum. Í flokki liða með 3-9 liðsmenn sigraði 7 manna lið starfsmanna Dalabyggðar og Sýslumannsins á Vesturlandi í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal. Í sama flokki voru í níunda sæti lið frá Heilsugæslustöðinni og Lyfju og í tíunda sæti lið Leikskóladeildar Auðarskóla. Í opnum flokki kepptu önnur lið, til dæmis leshringir, saumaklúbbar, fjölskyldulið, skólalið og vinir. Meðal efstu liða í opnum flokki má einnig finna lið úr Dölunum.

En mikilvægast er að taka þátt og njóta þess að lesa og vonandi verða enn fleiri Dalamenn sem taka þátt að ári.